

27. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. janúar 2013, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Aðalsteinn Arnarsson, Hildur Ösp Gylfadóttir, Atli Tómasson fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Kristján Hauksson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1 Fundargerðir síðustu tveggja funda

Fundargerðir síðustu tveggja funda bornar upp til samþykktar. Fundargerðirnar samþykktar.

2 Uppgjör haustannar og upphaf vorannar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir uppgjöri nemendaígilda 2012. Á vorönn 2012 voru nemendaígildi 81 en á haustönn 121,7. Starfsbraut skilaði 4,8 nemendaígildum á vorönn en 8,1 á haustönn. Nemendaígildi ársins 2012 eru því $101,36 + 6,45$ á starfsbraut = 107,81. Þetta er talsvert undir þeim nemendaígildum sem skólinn fékk úthlutað fyrir skólaárið 2012 en þau voru 120. Meðaleinkunn á haustönn 2012 var 6,0. Meðalnýting í áföngum var 82,4%. Brottfall á haustönn og milli haustannar og vorannar 2013: 19 fjarnemar og 10 dagskólanemendur koma ekki aftur á vorönn og 3 féllu út úr námi á önninni. Sex nemendur útskrifuðust í desember.

Nemendatölur í upphafi vorannar 2013

Á skrá er 181 nemandi, 132 í dagskóla og 49 í fjarnámi. Þar af eru 13 grunnskólanemar.

- Félags- og hugvísindabraut 42
- Náttúruvísindabraut 26
- Listnámsbraut 42 (LNM 19, LNL 17 (4 DAG/13 FJA), LNT6)
- Íþrótt- og útivistarbraut 30 (ÍPÍ 16, ÍPÚ 14 (6 BJÖ))
- Starfsbraut 9
- Fisktæknibraut 4
- Umhverfis- og auðlindabraut 7
- Ótilgreind fjarnámsbraut 6
- Viðbótarnám til stúdentsprófs 1

3 Samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar og þróun tónlistarnáms við skólann

Skólameistari gerði grein fyrir samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar sem gengið hefur vel. Enginn tónlistarkennari hefur verið ráðinn við MTR en tónlistarkennarar komið frá Tónskólanum. Ákveðinn vandi hefur verið í tengslum við þróun tónlistarnáms við skólann. Aðrar listgreinar, þ.e. myndlist og ljósmyndun, eru með allt aðrar undirbúningskröfur en tónlistarbrautir við framhaldsskólana. Þar eru gerðar kröfur um ákveðin stigspróf úr tónlistarskóla sem grunn fyrir nám á tónlistarbraut meðan hinar greinarnar krefjast grunnskólaprófs. Haft hefur verið samband við Félag tónlistarkennara og er Sigrún Grendal væntanleg í heimsókn 25. janúar til viðræðu um breytingar á þessu. Nefndarmenn lýstu yfir stuðningi við samstarfið við Tónskólann.

4 Breytingar á reglum og innheimtu gjalda fyrir sveigjanlegt nám og fjarnám

Skólameistari gerði grein fyrir breyttum áherslum er varða innheimtu gjalda fyrir sveigjanlegt nám og fjarnám. Með tilkomu fjarnáms var tekin ákvörðun um að nemandi gæti verið með sveigjanlega

mætingu í dagskóla gegn því að mæta 50% og greiða skólagjöld dagskóla. Þeir sem aldrei mæta eru fjarnemar og greiða fjarnámsgjöld. Skólanefnd samþykkir umræddar breytingar.

5 Sálfræðiþjónusta á vorönn

Skólameistari gerði grein fyrir því að gerður hefði verið samningur við Arnfríði Kjartansdóttur sálfræðing vegna sálfræðiþjónustu við nemendur skólans. Hún kemur aðra hverja viku og er dag í senn.

6 Starfsmannamál

Óliver Hilmarsson er í 50% fæðingarorlofi á vorönn. Anna María Jónsdóttir sinnir hluta af hans kennslu. Kennsla í íþróttum og útivist hefur aukist og starfsmaður af starfsbraut er farinn í kennslu þar. Nýr stuðningsfulltrúi hefur verið ráðinn í 60% starf á starfsbraut.

7 Skólanámskrá og skólafundur

Samkvæmt lögum er það hlutverk skólanefndar að samþykkja skólanámskrá að undangengnum skólafundi. Skólameistari upplýsti að nú væri í undirbúningi slíkur fundur. Þá var einnig rætt um að skólanámskrá skólans væri að finna á vef skólans.

8 Önnur mál

8.1 Nemendur af erlendum uppruna

Hildur Ösp spurðist fyrir um nemendur af erlendum uppruna. Skólameistari upplýsti að enn hefðu ekki komið slíkir nemendur en til væri móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál og væri hana að finna á vef skólans. Hildur upplýsti að í Dalvíkurbyggð væru 12% nemenda í grunnskólanum af erlendum uppruna og 20% í leikskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir